

# Sérkjarasamningur

## milli Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenskra verzlunarmanna og

### Samtaka atvinnulífsins vegna almenns skrifstofufólks og þeirra sem vinna vaktavinnu í farþegaafgreiðslu og þjónustu hjá Icelandair

#### 1. gr. Gildistími.

Sérkjarasamningur þessi gildir frá 1. febrúar 2024 til 1. febrúar 2028 og er hluti af aðalkjarasamningi aðila. Aðalkjarasamningur VR og LÍV gildir í öllum atriðum öðrum en hér greinir þar með talið ákvæði aðalkjarasamnings um launa- og forsendunefnd, kauptaxtauka, framleiðniauka og samningsforsendur að öðru leiti eru hluti af samningi þessum.

#### 2. gr. Laun

##### Hækkun kauptaxta:

Í stað áðurgildandi launataxta koma nýir sem verða hluti samningsins. Launataxtar gilda frá 1. febrúar 2024

	1. febrúar 2024	1. janúar 2025	1. janúar 2026	1. janúar 2027
Grunnlaun	468.519	493.641	518.710	543.728
Eftir 1 ár í starfi	478.696	504.385	530.021	555.607
Eftir 3 ár í starfi	485.831	512.918	540.004	567.091
Eftir 5 ár í starfi	500.350	524.100	547.850	571.600
Eftir 7 ár í starfi	515.033	538.783	562.533	586.283
Tankari eftir 7 ár í starfi	541.942	565.692	589.442	613.192
Þjónustustjórar - grunnlaun	549.973	573.723	597.473	621.223

##### Sjá nánar kauptaxtaí fylgiskjali nr. 1:

##### Hækkun kjaratengdra liða:

Kjaratengdir liðir kjarasamninga hækka sem hér segir, nema um annað hafi verið samið: 1. febrúar 2024: 3,25% 1. janúar 2025: 3,50% 1. janúar 2026: 3,50% 1. janúar 2027: 3,50%

##### Önnur launaákvæði

Flugþjónustufólk sem ráðið er til eldsneytisafgreiðslu á tankbílum (tankarar með meirapróf) raðast einu starfsaldursþrepi hærra í launatöflu.

Hluti bílapeninga hefur verið felldur inn í grunnlaun. Frá og með gildistöku þessa samnings fær starfsfólk í fullu starfi greiddar 3.590 kr. á mánuði í bílapeninga. Hlutastarfsfólk fær greitt hlutfallslega. Ferðir til og frá vinnustað sbr. grein 3.4 í aðalkjarasamningi greiðast því ekki sérstaklega.

### **3. gr. Persónubundin laun**

Við ákvörðun launa milli atvinnurekanda og starfskrafts, skulu laun endurspegla vinnuframlag, hæfni, menntun og færni viðkomandi starfsmanns svo og innihald starfsins og þá ábyrgð sem starfinu fylgir. Gæta skal ákvæða jafnréttislaga við launaákvæðanir.

Starfskraftur á rétt á viðtali við yfirmann einu sinni á ári um störf sín og hugsanlega breytingu á starfskjörum. Höfð verður hliðsjón af launakönnunum við mat og hugsanlega breytingu á launakjörum. Niðurstaða úr viðtali skal liggja fyrir eigi síðar en 4 vikum eftir að viðtal hefur farið fram.

### **4. gr. Vinnutími**

#### *4.1. Dagvinna.*

Virkur vinnutími skrifstofufólks og sölufólks, þ.e. unninn tími án neysluhléa skal vera 35 klst. og 30 mín. á viku. Séu samningsbundnir kaffitímar teknir lengist vinnutími sem þeim nemur, sbr. gr. 3.1.2., og er vikulegur vinnutími þá 36 klst. og 45 mínútur. Vinnutíma skal hagað með samkomulagi milli starfsfólks og atvinnurekanda eftir því sem hentar á hverjum stað, með lengingu daglegs vinnutíma fyrir kl. 09:00, eftir kl. 17:00 og/eða styttri matartíma.

#### *4.2. Vinnutími vaktavinnufólks*

Vinnutími vaktavinnufólks er 37 klst. og 15 mínútur. Heimilt er að lengja vikulegan vinnutíma í vaktavinnu í allt að 42 stundir á viku. Tímamismuninn 42/37,25 stundir skal greiða með yfirvinnukaupi sem er 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu. Við útreikning tímakaups skal nota deilitöluna 159,27.

Öll yfirvinna sem fer fram yfir afmarkaða vakt skv. vaktaskrá og unnin er á tímabilinu 17:00 til 08:00 skal greidd skv. Stimpilkukku með 1,0385% álagi á dagvinnukaup.

Þegar starfsfólk er hvatt til vinnu, sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu greiðist yfirvinnukaup a.m.k. 4 klst. nema reglulegur vinnutími hefjist innan tveggja klst. Greiða skal tvöfalt fyrir tvær fyrstu klst. í yfirvinnu í framhaldi af 12 klst. vakt. Sama regla gildir um tvær klst. fyrir 12 klst. vakt. Matar- og kaffitímar í yfirvinnu dragast ekki frá vinnutíma.

### **5. gr. Vaktavinna**

#### *5.1. Vaktir*

Vinnuvaktir skulu vera samkvæmt skrá yfir vaktir, sem Ícelandair gerir og skulu þær vera í samræmi við það vaktafyrirkomulag sem gilt hefur eða um kann að semjast á viðkomandi vinnustað. Breytingar skulu gerðar í samráði við trúnaðarmann starfsfólks með minnst 30 daga fyrirvara.

Þó er Ícelandair heimilt að víkja frá venjubundinni vaktaskipan gagnvart lausráðnu starfsfólki með samkomulagi við stéttarfélagið.

Skrár yfir vaktir skulu hanga uppi á vinnustað starfsfólks eða afhentar hverjum þeirra um sig.

#### *5.2. Álag á vinnuvaktir.*

Vinna á laugardögum og sunnudögum svo og vinna frá kl. 00:00 til 08:00 daglega greiðist með 45% álagi. Vinna frá kl. 17:00 til 00:00 mánudaga til föstudaga greiðist með 33% vaktálagi. Þeir sem vinna vinnuvaktir á sunnudögum eiga rétt á leyfi í sömu viku, þannig að næturfrí komi jafnan fyrir og eftir frídaginn, eða eigi minna en 36 klst. samfleytt.

Greiða skal vaktstjórum  $\frac{1}{4}$  klst. á yfirvinnukaupi hvert sinn er þeir skila af sér vakt í hendur viðtakandi vaktstjóra sé sá tími ekki reiknaður inn í reglulegan vinnutíma þeirra.

### 5.3. *Vinna á föstudaginn langa*

Vinna á föstudaginn langa greiðist með stórhátíðakaupi, þ.e. tímakaupi sem nemur er 1,375 % af mánaðlaunum fyrir dagvinnu.

## **6. gr. Orlof**

### 6.1. *Ákvörðun orlofs*

Sumar- og vetrarleyfi skulu ákveðin einum mánuði áður en fyrsta frí hefst. Atvinnurekandi sér um niðurröðun orlofs í samráði við starfsfólk.

Fyrir vinnu á frídögum skv. gr. 2.2.4 í aðalkjarasamningi komi 14 samfelldir frídagar miðað við ársstarf og er heimilt að veita þá á öðrum árstíma en hinum venjulega orlofstíma. Heimilt er að greiðsla komi í stað umsamdra frídaga ef samkomulag næst (14/30). Að öðru leyti fer um orlof samkvæmt aðalkjarasamningi.

### 6.2. *Úthlutun sumar- og vetrarorlofs*

Um úthlutun sumar- og vetrarorlofs vaktavinnufólks, gilda eftirfarandi reglur:

Flugþjónustufólk innanlandsflugs skal fá úthlutað vetrarleyfi sem nemur 17 daga fjarvist samkvæmt núverandi vaktakerfi, þar af 14 daga samfelld og á nýársdag, páskadag og jóladag.

Sumarleyfi fer eftir almennum reglum orlofslaga.

Nú fellur/falla helgidagur/ar þjóðkirkjunnar inn í sumar-eða vetrarleyfi starfsmanns skv. ofansögðu og teljast þá slíkir helgidagar innifaldir í leyfinu að frátöldum þeim dögum sem taldir eru upp í fyrstu málgrein.

Úttekt sumarleyfa skal fara fram á tímabilinu 2/5 til 30/9 og vetrarleyfi á tímabilinu 1/10 til 30/4 ár hvert.

Lausráðið flugþjónustufólk, sem vinnur á vöktum í flugafgreiðslum félagsins, skal í stað vetrarleyfis fá greitt helgidagakaup fyrir þá vinnu sem unnin er á ofangreindum helgidögum.

Sumar- og vetrarleyfi skal jafnan hefjast í lok vaktaprís.

## **7. gr. Matar- og kaffihlé**

Þegar starfsfólk er að störfum í flugafgreiðslu reiknast hvorki matar- né kaffihlé til frádráttar vinnutíma, enda séu þessi hlé ekki lengri en hálf klukkustund (matarhlé) og fjórðungur klukkustundar (kaffihlé) eitt á hverri vakt. Þó mega kaffihlé vera tvö á 12 tíma vakt. Matar- og kaffihlé skulu tekin í samráði við vaktstjóra þegar vel stendur á, þannig að aðkallandi málum og afgreiðslu sinnt þeirra vegna. Vinna í neysluhléum greiðist með yfirvinnukaupi.

Þegar flugþjónustumaður er að störfum að næturlagi skv. vaktaskrá eða í aukavinnu sem varir lengur en 4. klst. sjái félagið honum fyrir kaffi og brauði.

## **8. gr. Einkennisfatnaður**

Icelandair lætur flugþjónustufólki í té einkennisfatnað þeim að kostnaðarlausu. Um endurnýjun einkennisfatnaðar fer samkvæmt þörfum og reglum félagsins.

Viðmiðunarlisti varðandi úthlutun einkennisfatnaðar skal liggja frammi hjá VR/LÍV og Icelandair.

Flugþjónustufólki ber að klæðast einkennisfatnaði við störf sín og fara eftir reglum félagsins um notkun hans.

Ef ósk um nýjan fatnað er ekki sinnt innan 2ja mánaða frá því að beiðni kom fram er starfsfólki ekki skylt að mæta til starfa í einkennisfatnaði.

Einkennisfatnaður er eign atvinnurekanda og ber að skila honum til Icelandair við starfslok.

Flugfélagið endurgreiðir starfsmanni kostnað vegna einnar hreinsunar á jakka eða vesti í mánuði.

## **9. gr. Skópeningar**

Fastráðið flugþjónustufólk sem klæðist einkennisfatnaði fær greidda skópeninga 1. október ár hvert.

Upphæð skópeninga þann 1. febrúar 2024 er kr. 52.692,- Fjárhæðin tekur breytingum 1. október ár hvert í samræmi við breytingar á skólið (032) í vísitölur neysluverðs grunnur 2008=100, m.v. vísitölu ágúst mánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (180,2 stig) í febrúar 2024

## **10. gr. Menntun - námskeið**

Flugþjónustufólk skal sækja og stunda þau námskeið er fyrirtækið telur ástæðu til að stofna til, til aukningar á menntun þeirra í starfi og gangast undir próf, sé þess óskað. Gildir þetta hvort sem námskeið er haldið hérlendis eða erlendis. Við námskeiðssetu innanlands, skv. ofansögðu, ber flugþjónustufólki fullt fastakaup allan námskeiðstímann, svo og vaktavinnuálag hafi viðkomandi unnið eftir föstu vaktafyrirkomulagi þegar námskeiðssetan hófst. Verði ekki hjá því komist að flugþjónustufólk sitji námskeið í vaktahléum skal greiða námskeiðssetu með dagvinnukaupi skv. stimpilklukku eða ef starfsmaður óskar, með fríi þannig að hver námskeiðsstund reiknast sem 1,5 klst í fríi. Frí skal tekið samkvæmt samkomulagi við yfirmann. Eftir námskeiðssetu erlendis skal ekki ætla flugþjónustufólki að mæta til vinnu fyrstu 36 klst. eftir heimkomu án frádráttar launa.

## **11. gr. Heilsuvernd**

Það starfsfólk sem þarf að vinna þar sem flugvél/flugvélar eru með hreyfla í gangi, eða að stöðva, skulu fá almenna læknisskoðun minnst einu sinni á ári (apríl – maí). Eyrnarhlífar skulu ævinlega vera nægilega margar fyrir hendi á afgreiðslum félagsins til notkunar fyrir þér er fara út að/í flugvélar á stæði.

Starfsfólk sem vinnur við skjái skulu fá a.m.k. 10 mínútna hlé frá skjávinnu á hverri klukkustund.

Reykjavík, 5. apríl 2024

Fh. Samtaka atvinnulífsins  
vegna Icelandair

Fh. Verzlunarmannafélags Reykjavíkur

Fh. Landssambands ísl. verzlunarmanna

## Bókun 2024

Verði á samningstímanum tekið upp almennt kaupaukakerfi hjá Icelandair ehf. sem byggist á öðrum þáttum en OPT kaupaukakerfi þessa sérkjarasamnings þá getur hvor aðila óskað viðræðuna um breytingar á kaupaukakerfi samningsins.

## Bókun 2004

Vegna aðstæða sem skapast þegar starfsmaður á Akureyrarflugvelli er kvaddur til starfa á flugvöll vegna sjúkraflugs, greiðast 8 klst. yfirvinnu þegar útkallið á sér stað milli kl. 0:00 – 6:45. Sama gildir frá kl. 18:00 – 24:00 á aðfangadag og gamlársgdag, svo og allan jóladag, nýársdag og páskadag. Aldrei greiðast þó meira en eitt slíkt útkall á sólarhring. Það starfsfólk sem sinna útköllum vegna sjúkraflugs munu skipta þeim með sér með skipulegum hætti í samráði við yfirmann.

## Viðauki

### Kaupaukakerfi

Markmið kaupaukakerfis er að tengja með einföldum og skýrum hætti saman hagsmuni Flugfélags Íslands og flugþjónustufólks.

Kaupauki reiknast tvisvar á ári, janúar til júní og júlí til desember. Greitt er fyrir fyrra tímabilið 1. ágúst og síðara tímabilið 1. mars eftir að viðkomandi tímabili lýkur. Kaupaukin er 2% af einum mánaðarlaunum (grunnlaunum með vaktaálagi) fyrir hvert sex mánaða tímabil og eru mælikvarðar annars vegar stundvísi (OTP) sem vegur 50% og SSR og tjónleysi sem nemur 50%.

### OTP

Markmið Flugfélags Íslands er 85% stundvísi og tekur til allra fluga í leiðarkerfi Flugfélags Íslands miðað við uppgefna útreikninga. Stundvísi er mæld mánaðarlega og gildir hver mæling sem sjálfstæð mæling.

### SSR „aukatöskur“ og TJÓNLEYSI

Markmið SSR er að innheimt verði fyrir a.m.k. 95% af töskum sem ekki eru innifaldar í fargjaldi.

Markmið tjónleysis er að ekki verði tjón á flugvélum, vinnutækjum eða meiðsli á starfsmönnum í tengslum við afgreiðslu flugvéla.

Kaupaukakerfið er til reynslu á samningstímabilinu. Allt starfsfólk flugafgreiðslu Flugfélags Íslands, sem starfað hefur í tvo mánuði eða lengur, falla undir kaupaukakerfið hlutfallslega miðað við starf á tímabilinu sem er til skoðunar á hverjum tíma, sem og hlutfall á því tímabili.

## Fylgiskjal 1

<b>1. febrúar 2024</b>	<b>Mánaðarlaun</b>	<b>Dagvinna</b>	<b>Yfirvinna</b>	<b>Stórh. álag</b>	<b>33% álag</b>	<b>45% álag</b>
Grunnlaun	468.519	2.941,67	4.865,57	6.442,14	970,75	1.323,75
Eftir 1 ár í starfi	478.696	3.005,56	4.971,26	6.582,07	991,84	1.352,50
Eftir 3 ár í starfi	485.831	3.050,36	5.045,35	6.680,18	1.006,62	1.372,66
Eftir 5 ár í starfi	500.350	3.141,52	5.196,13	6.879,81	1.036,70	1.413,68
Eftir 7 ár í starfi	515.033	3.233,71	5.348,62	7.081,70	1.067,12	1.455,17
Tankari eftir 7 ár í starfi	541.942	3.402,66	5.628,07	7.451,70	1.122,88	1.531,20
Þjónustustjórar - grunnlaun	549.973	3.453,09	5.711,47	7.562,13	1.139,52	1.553,89
<b>1. janúar 2025</b>	<b>Mánaðarlaun</b>	<b>Dagvinna</b>	<b>Yfirvinna</b>	<b>Stórh. álag</b>	<b>33% álag</b>	<b>45% álag</b>
Grunnlaun	493.641	3.099,40	5.126,46	6.787,56	1.022,80	1.394,73
Eftir 1 ár í starfi	504.385	3.166,86	5.238,04	6.935,29	1.045,06	1.425,08
Eftir 3 ár í starfi	512.918	3.220,43	5.326,65	7.052,62	1.062,74	1.449,19
Eftir 5 ár í starfi	524.100	3.290,64	5.442,78	7.206,38	1.085,91	1.480,79
Eftir 7 ár í starfi	538.783	3.382,83	5.595,26	7.408,27	1.116,33	1.522,27
Tankari eftir 7 ár í starfi	565.692	3.551,78	5.874,71	7.778,27	1.172,09	1.598,30
Þjónustustjórar - grunnlaun	573.723	3.602,20	5.958,11	7.888,69	1.188,73	1.620,99
<b>1. janúar 2026</b>	<b>Mánaðarlaun</b>	<b>Dagvinna</b>	<b>Yfirvinna</b>	<b>Stórh. álag</b>	<b>33% álag</b>	<b>45% álag</b>
Grunnlaun	518.710	3.256,80	5.386,80	7.132,26	1.074,74	1.465,56
Eftir 1 ár í starfi	530.021	3.327,81	5.504,27	7.287,79	1.098,18	1.497,52
Eftir 3 ár í starfi	540.004	3.390,49	5.607,94	7.425,06	1.118,86	1.525,72
Eftir 5 ár í starfi	547.850	3.439,76	5.689,42	7.532,94	1.135,12	1.547,89
Eftir 7 ár í starfi	562.533	3.531,95	5.841,91	7.734,83	1.165,54	1.589,38
Tankari eftir 7 ár í starfi	589.442	3.700,90	6.121,36	8.104,83	1.221,30	1.665,40
Þjónustustjórar - grunnlaun	597.473	3.751,32	6.204,76	8.215,25	1.237,94	1.688,09
<b>1. janúar 2027</b>	<b>Mánaðarlaun</b>	<b>Dagvinna</b>	<b>Yfirvinna</b>	<b>Stórh. álag</b>	<b>33% álag</b>	<b>45% álag</b>
Grunnlaun	543.728	3.413,88	5.646,62	7.476,26	1.126,58	1.536,24
Eftir 1 ár í starfi	555.607	3.488,46	5.769,98	7.639,60	1.151,19	1.569,81
Eftir 3 ár í starfi	567.091	3.560,56	5.889,24	7.797,50	1.174,99	1.602,25
Eftir 5 ár í starfi	571.600	3.588,87	5.936,07	7.859,50	1.184,33	1.614,99
Eftir 7 ár í starfi	586.283	3.681,06	6.088,55	8.061,39	1.214,75	1.656,48
Tankari eftir 7 ár í starfi	613.192	3.850,02	6.368,00	8.431,39	1.270,51	1.732,51
Þjónustustjórar - grunnlaun	621.223	3.900,44	6.451,40	8.541,82	1.287,15	1.755,20